



Alþingi
Erindi nr. P 131/1300
komudagur 14.4.2005

FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRÁÞJÁLFAFA

Reykjavík 10. apríl 2005.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis

Varðandi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

Félag íslenskra sjúkráþjálfara þakkar fyrir að fá að segja sitt álit á þessu mikilvæga málefni sem tillagan fjallar um.

Ljóst er skv. greinagerðinni að nauðsynlegt er að fara ofan í þessi mál og skoða hvaða forvarnarleiðir séu færar. Sýnt hefur verið fram á að áhrif hreyfingar getur gefið í það minnsta jafngóða ef ekki betri raun en áhrif lyfja við vægu þunglyndi. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að hin góðu áhrif hreyfingar hafa jákvæð áhrif á lífsgæði einstaklinga. Þetta eru sjúkráþjálfarar mjög meðvitaðir um og er stjórn Félags sjúkráþjálfara í öldrunarþjónustu (FSÖ) m.a að skoða hvaða og hverskonar hreyfingarúrræði ættu að vera í boði fyrir þennan hóp einstaklinga.

Það sem vekur þó athygli stjórnar Félags íslenskra sjúkráþjálfara sem og stjórnar FSÖ, sem er undirfélag FÍSP, að fulltrúi sjúkráþjálfara skuli ekki tilnefndur í nefndina sem skipuð verður samkvæmt þingsályktunartillögunni.

Því viljum við koma þeirri ábendingu til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis að Félag íslenskra sjúkráþjálfara telur það afar mikilvægt að fulltrúi félagsins sitji í þessari nefnd og vonast er til að ábending okkar verði tekin til greina.

Með góðri kveðju,


Auður Ólafsdóttir

formaður Félags íslenskra sjúkráþjálfara